

**Ed.**

**115. Framvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög.

(Lagt fyrir Alþingi 1930).

1. gr.

Á eftir fyrstu málsgr. 19. gr. laga nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Par, sem félag nær yfir tvær eða fleiri sýslur, má hafa kosningum til félagsfunda eftir ákvæðunum um kosningar til fulltrúafunda í samvinnusamböndum, þannig, að hver sýsla félagsins kemur í stað félags í samvinnusambandi og kýs sameiginlega fulltrúa til félagsfunda, eftir því sem samþykktir nánar ákveða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram eftir ósk Sláturfélags Suðurlands, og hefir félagið gert grein fyrir þessari ósk sinni í bréfi því, sem hér fer á eftir og prentað er sem fylgiskjal. Forstjórn Sambands Íslenskra Samvinnufélaga hefir tjáð sig málinn fylgjandi. Virðist eigi ástæða til frekari athugasemda.

Fylgiskjal.

**SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS.**

Reykjavík, 12. nóvember 1929.

Síðan samvinnulögin gengu í gildi, hefir Sláturfélag Suðurlands leitað við að samræma samþykktir sínar við þau, og mun það hafa tekið að nðanekildu því, er snertir fulltrúakosningar til aðalfndar.

Samvinnulögin (19. gr.) mæla svo fyrir: »Á fundum í félagi, sem er

óskipt heild, hafa atkvæði allir félagsmenn. En í félagi, sem skiptist í deildir, hafa fulltrúar deildanna einir atkvæðisrétt.

Er það sýnilega andi laganna að gera hverjum einstökum félagsmanni sem andveldast að neyta atkvæðis síns í stjórn og framkvæmd félagsmálefna, en þó virðist svo, sem löggjafinn hafi ekki haft í huga, að félag gæti náð yfir nema takmarkað svæði, þannig að þó vegalengd yrði nm of fyrir einstaka félagsmenn, yrði það ekki tilfinnanlegum erfiðleikum bundið fyrir nokkra fulltrúa að sækja félagsfundi, og væri það spursmál leyst með því að skipta félagi í deildir. En þar sem félag, eins og vort, er telur nærri 1900 félagsmenn, sem dreifðir eru nm 5 sýslur — Vestur-Skaftafellsýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu —, verður almenn þátttaka í félagsfundum allerfið, enda þótt deildaskipting sé viðhöfð.

Eftir þeirri venju, sem nú mun algengst í félögum um landið, að einu fulltrúi mæti á félagsfundi fyrir ekki fleiri en 20 félagsmenn, yrði fulltrúatala félags vors nærri 100, og með stjórn og endurskoðendum yrði tala lögskipaðra fundarmanna nokknð á annað hundrad. Verður eigi séð, hvað mæli með að heimta svo marga fulltrúa, sem flestir yrðu að sjálfsögðu bændur, er illa eiga heimangengt frá búum sínum nm langan tíma, — enda all-kostnaðarsamur fundur fyrir ekki stærra fyrirtæki en félag vort er. En þó er hitt verra, hvað hætt er við, að félagsfundir yrðu illa sóttir vegna þess, hvað langur tími færi í ferðalög fulltrúanna ák fundartímans, sem því hættar væri að yrði ónauðsynlega langur, sem fulltrúar værn fleiri. Gæti þetta fyrirkomulag orðið til þess, að það, sem gerist á slíkum fundi, yrði félagsmönnum ókunnara en æskilegt væri.

Að visu meina landslögin — eins og þan nú eru — oss eigi að hafa deildir stórar, t. d. að hver sýsla sé deild og kjósi hæfilega marga fulltrúa á félagsfundi, en þar er sami annmarkinn, deildarsvæðið væri í flestum tilfellum stærra en svo, að von væri nm, að félagsmenn mættu þar almennt og neyttu atkvæðis síns.

Síðan félag vort var stofnað, hefir það skipzt í deildir eftir hreppum, og hefir hver deild kosið sér deildarstjóra, er séð hefir nm fundahöld og framkvæmd félagsmálefna innan deildar sinnar, og jafnframt verið einskonar umboðsmaður félagsstjórnarinnar í deildinni. Hafa deildarstjórar innan hveurrar sýslu síðan komið saman á fund árlaga, þar sem félagsstjórn, endurskoðendur og yfirleitt allir félagsmenn, sem vildu, hafa mætt og haft málfrelsi og tillögnrétt, en deildastjórar einir átt atkvæðisrétt.

Á fundum þessum hafa verið lagðir fram og skýrðir reikningar félagsins, og gefin skýrsla nm allan rekstur félagsins og hag, og yfirleitt rædd öll félagsmál og gerðar tillögur til aðalfundar. Þar hafa og verið kosnir stjórnarfulltrúar fyrir hverja sýslu, er síðan hafa myndað aðalfund félagsins. En eftir gildandi lögnum mun þannig skipaður aðalfundur vart vera lögmætur, enda þó oss hafi reynzt þetta fyrirkomulag vel.

Eftir ítarlega yfirvegunn höfum vér komizt að þeirri niðurstöðu, að æskilegast væri fyrir félag vort að þurfa ekki að breyta nm fyrra fyrirkomulag fundanna í aðalatriðum. Að sjálfsögðu viljum vér fjölga fulltrúatölu hveurrar deildar eftir tölu félagsmauna í henni, t. d. að einu fulltrúi væri fyrir hverja 20 félags-

menn. En í stað þess, að þeir mættu allir á aðalfundi félagsins, kæmu þeir nú saman á fund innan hveurrar sýslu og kysu þar hæfilega marga fulltrúa til aðalfundar, eftir félagsmannatölu í sýslunni, — en til þessa þyrftum vér að geta hagað kosningum í félagi vörn á sama hátt og gert er í *samvinnusamböndum*.

Vér leyfum oss því að leggja hér með tillögn til breytingar á 19. gr. samvinnslaganna og jafnframt að beina þeirri ósk til hins háa ráðuneytis, að því mætti þóknast að leggja breytingartillögu þessa fyrir næsta Alþingi og fylgja henni fram til samþykktar.

Það skal að síðustu tekið fram, að vér höfum borið það undir forstjóra Sambands isl. samvinnfélaga, hvort breyting þessi gæti orðið nokkrum öðrum samvinnufélögum til óþæginda, ef samþykkt yrði, og hefur hann sulyt, að um það gæti ekki verið að ræða.

Virðingarfyllt

F. h. stjórnar Sláturfélags Suðurlands.

*H. Bergs.*

Til atvinnu- og samgöngu nálaráðuneytisins,

Reykjavík.